

Þróun upplýsingakerfa Reykjavíkurborgar 2016

Upplýsingatæknideild / Skrifstofa þjónustu og reksturs
31.okt. 2015



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

Ný upplýsingakerfi 2016

- Áætlun fyrir ný upplýsingakerfi 2016 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og er samtala áætlaðra verkefna 250 mkr. Þar af er gert ráð fyrir 5 mkr. í ófyrirséð verkefni.
- Óskir sviða og skrifstofa nema umtalsvert hærri upphæð og hefur því sumum verkefnum verið frestað og áætlun lækkuð fyrir önnur.
- Á síðasta ársfjórðungi 2016 verður gerð útkomuspá fyrir ofangreind verkefni og fyrirséðu óráðstöfuðu fé veitt í verkefni í bið eða til að flýta einstaka verkefnum.

Fjármálaskrifstofa

- **Uppgjörs- og áætlunarkerfi**

- Verkefnastjórnun og ráðgjöf vegna innleiðingar á uppgjörs- og áætlunarkerfinu Consolidation and Cash. Hið nýja kerfi mun auðvelda gerð samstæðuuppgjöra og samstæðuáætlunar auk þess að bæta skýrslugerð og eftirlit.

- **Uppfærsla Agresso**

- Á árinu 2016 mun þurfa að fara fram uppfærsla í nýja útgáfu af Agresso fjárhagsupplýsingakerfinu. Kaupa þarf ráðgjöf og verkefnastjórnun af ytri aðilum vegna þessa.

- **Innkaupakerfi**

- Undirbúningur og upptaka á fyrsta áfanga innkaupakerfis til að koma á rafrænu, gegnsæju, skilvirku og einföldu ferli innkaupa. Verkefnisstjórnun og önnur aðkeypt vinna.

- **Útboðsgögn á vef**

- Ljúka við innleiðingu kerfis fyrir birtingu útboðsgagna.

Fjármálaskrifstofa frh.

- **Mannauðs- og launakerfi**
 - Klára innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi á árinu. Í þessu felst m.a. verkefnastjórn og ráðgjöf auk leyfisgjalda.
- **Rafræn gagnagátt**
 - Uppsetning rafrænnar gagnagáttar fyrir íbúa og hagsmunaaðila og framsetning grunnupplýsinga til að veita aðgengi að fjármálaupplýsingum borgarinnar og gefa með því raunsanna mynd af meðhöndlun fjármuna borgarinnar. Í verkefninu felst uppsetning gagnagáttar og framsetning grunnupplýsinga.
- **Boðgreiðslugátt**
 - Ljúka við innleiðingu á boðgreiðslugátt fyrir Rafræna Reykjavík.
- **Birting stöðu í Rafrænni Rvk.**
 - Skilgreina og birta upplýsingar sem íbúar og fyrirtæki skulu hafa aðgang að í RR vegna þjónustu borgarinnar og gjaldtöku, um stöðu reikninga ofl.
- Áætluð fárþörf er samtals 56 mkr.

Skrifstofa þjónustu og reksturs

- ***Mínar síður / Rafræn Reykjavík***
 - Nýtt útlit og bætt viðmót RR. Stöðumat, stefnumótun og gerð áætlunar um framtíðarþróun RR.
- ***Skjalakerfi borgarinnar, uppfærsla/endurnýjun***
 - Lokafrágangur á þarfagreiningu og útboðsgögnum, samkeppnisviðræður og fyrsti áfangi í kaupum/innleiðingu á nýju skjalakerfi.
- ***Snjallborgin Reykjavík***
 - Endurbætur á tæknilegum innviðum til að mæta þörfum sem munu skapast þegar farið verður í tilraunaverkefni á þessu sviði.
- ***Miðlæg kerfishögun og skýjalausnir***
 - Haldið verður áfram með nauðsynlegar breytingar í miðlægri kerfishögun hjá upplýsingatæknideild. Meðal verkefna verða uppsetning á nýju sýndarvélaumhverfi, einföldun á gagnagrunnsumhverfi, innleiðing stafrænna skilríkja og áframhaldandi innleiðing skýjalausna.

Skrifstofa þjónustu og reksturs frh.

- **Stjórnun hugbúnaðarleyfa (SAM) og gjaldskrártalningarbúnaður**
 - Stefnt að vali, kaupum og innleiðingu á SAM (Software Asset Management) kerfi og gjaldskrártalningarbúnaði.
- **Umsjónarbúnaður fyrir snjalltækja-umhverfi**
 - Val á búnaði og innleiðing kerfis til þess að bæta yfirsýn, utanumhald og öryggi snjalltækja-búnaðar.
- **Smáforrit (App)**
 - Þróun og aðlögun á smáforritum til þess að gera gögn frá Reykjavíkurborg aðgengileg og auka gagnvirk samskipti við borgarbúa í gegnum snjalltæki.
- **Símtala- og þjónustugreining**
 - Greining á þróun og þörfum í þjónustu og afgreiðslu í móttöku. Val á kerfi sem styður við þessar þarfir og gerir þjónustu og afgreiðslu skilvirkari og bætir yfirsýn stjórnenda.
- Áætluð fjárþörf er samtals 74 mkr.

Skrifstofa borgarstjórnar

- ***Pappírslausir fundir***

- Unnið verði að því að fundir borgarráðs og borgarstjórnar geti orðið pappírslausir og fundargögnum dreift á rafrænan hátt. Öryggi fundargagna verði bætt og birting fundargerða á vef auðvelduð. Stuðningur verði bættur við spjaldtölvuvæðingu borgarráðs.
- Áætluð fjárþörf er samtals 4 mkr.

Íþróttta- og tómstundasvið

- ***Aðgangs- og afgreiðslukerfi sundlauga***
 - Sett verði upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því ná fram hagræðingu með því að skipta við einn þjónustuaðila.
- Áætluð fjárþörf er samtals 20 mkr.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

- **Stjórnunarupplýsingar**
 - Undirbúningur og innleiðing á stjórnendaupplýsingakerfi fyrir svið og skrifstofur borgarinnar. Í því felst m.a. aðkeypt verkefnastjórnun og ráðgjöf.
- **Nýr Reykjavíkurvefur og færsla vefja yfir í Drupal**
 - Haldið verður áfram innleiðingu á Drupal, „Open Source“ vefumsjónarkerfi og vefir borgarinnar færðir yfir í nýtt skalanlegt umhverfi og aðlagðir að snjalltækjum.
- **Innleiðing á Fotoware og tenging við vefi borgarinnar**
 - Ljúka við innleiðingu á Fotoware, m.a. þannig að hægt verði að birta myndir úr Fotoware beint á vefjum borgarinnar.
- **Rafræn langtímavarsla rafrænna gagna**
 - Hafinn verður undirbúningur langtímavarðveislu ganga skv. reglum um vörsluútgáfu rafrænna gagna. Verkefnisstjórnun og aðkeypt ráðgjöf.
- Áætluð fjárförf er samtals 26 mkr.

Menningar og ferðamálasvið

- ***Rafrænt Gestakort***

- Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna greiningar á lausnum sem í boði eru fyrir rafræn gestakort í stað núverandi korta sem gefin eru út á pappír.
- Áætluð fjárförf er samtals 3 mkr.

Skóla- og frístundasvið

- **Skráningarkerfi grunnskóla**
 - Greining, þróun og innleiðing á miðlægu nemendaskráningarkerfi. Kerfið þarf að taka við öllum þeim upplýsingum sem sem uppfyllir þarfir bæði skólanna og SFS fyrir greiningu og úrvinnslu gagna.
- **Frístundaheimilakerfi**
 - Klára þróun og innleiðingu á nýrri virkni Völu frístundar til að tryggja betri afstemmingar fjárhæða og auðvelda útreikning systkinaafslátta.
- **Áframhald þróun Völu leikskólakerfis**
 - Klára þróun skráningarkerfis fyrir leikskóla borgarinnar sem tekið var í notkun á árinu 2010. Áhersla verður á að bæta við faghluta kerfisins.
- **Matarþjónustukerfi**
 - Undirbúningur og útboð á Matarþjónustukerfi fyrir skóla og leikskóla.
- Áætluð fjárþörf er samtals 33 mkr.

Innri endurskoðun

- ***Innri endurskoðunarkerfi***
 - Finna og innleiða kerfi fyrir innri endurskoðun sem myndi leysa af vinnulag sem aðallega er í MS Office hugbúnaði í dag.
- Áætluð fjárþörf er 4 mkr.

Velferðarsvið

- ***Velferðarkerfi***

- Áframhaldandi þróun og færsla þjónustupátta inn í Málaskrá sér í lagi m.t.t. laga um málefni fatlaðra. Einnig aukið innbyggt eftirlit í málaskrá við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar.
- Áætluð fjárþörf er 20 mkr.

Umhverfis- og skipulagssvið

- ***Búnaður vegna loftgæðamælinga***

- Tryggja þarf öryggi og aðgengi að loftgæðagögnum borgarinnar. Greina þarf uppsetningu loftgæðabúnaðar hjá Reykjavíkurborg og gera tillögu að úrbótum.

- ***Skráningarkerfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar***

- Bæta þarf aðgengi að upplýsingum HER og auðvelda úrvinnslu úr skráningarkerfi og vinnslu tölfraeði samkvæmt ítarlegri þarfagreiningu sem unnin var hjá eftirlitinu.

- Áætluð fjárförf er samtals 5 mkr.

Samantekt

FMS	Nýtt mannauðs og launakerfi, uppgjors- og áætlunarkerfi, uppfærsla á agresso, opin fjármálagögn o.fl.	56.000.000
SBB	Stjórnendaupplýsingar, Rafræn langtímavarsla rafrænna gagna, Innleiðing fotoware fyrir vef o.fl.	26.000.000
SBS	Pappírslausir fundir o.fl	4.000.000
SPR	Miðlæg kerfishögun, Snjallborgin Reykjavík, Stjórnun hugbúnaðarleyfa, smáforrit o.fl.	74.000.000
ÍTR	Aðgangs- og afgreiðslukerfi o.fl	20.000.000
SFS	Skráningarkerfi grunnskóla, Frístundaheimilakerfi, Matarþjónustukerfi o.fl	33.000.000
VEL	Þróun velferðarkerfa	20.000.000
USK	Skráningarkerfi Heilbrigðiseftirlits, loftgæðamælibúnaður o.fl.	5.000.000
END	Innri endurskoðunarkerfi	4.000.000
MOF	Rafræn gestakort	3.000.000
	Mikilvæg ófyrirséð verkefni	5.000.000
	Áætluð fjárfesting 2016:	250.000.000